



Borgarráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hæfniskröfur til stjórnarsetu í fyrirtækjum Reykjavíkurborgar

Á fundi borgarráðs þann 16. desember sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks Fólksins óskar eftir upplýsingum um hvaða kröfur um þekkingu, hæfni og reynslu núverandi meirihluti gerir til þeirra sem sitja fyrir hönd Reykjavíkurborgar í stjórnnum bs. fyrirtækja og samkeppnisfyrirtækja sem eru í meirihlutaeigu Reykjavíkurborgar. Má þar nefna fyrirtæki eins og SORPA og Malbikunarstöð Reykjavíkur. Spurt er hvort þess sé krafist að þeir sem sitja í stjórn fyrir hönd Reykjavíkur leggi fram ferilskrá, hafi viðtæka reynslu í þeim verkefnum sem fyrirtækin sinna, hafi reynslu af rekstri fyrirtækja, þurfi að sína fram á menntunarkröfur eða annað? Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir því að slík gögn um hæfniskröfur eða hæfi stjórnarmanna eru til staðar að þau verði lögð fram.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 20. desember sl.

Svar við fyrirspurn:

Fyrirtæki í B-hluta eru afar mismunandi hvað varðar þjónustuhlutverk, umfang rekstrar, afkomu og fjárhagslega stöðu. Þá er rekstrarform fyrirtækja í B-hluta með ólíkum hætti þar sem um er að ræða byggðasamlög (bs.), sameignarfélag (sf.) og hlutafélög (hf., ehf. og ohf.).

Í 64 gr. samþykktu um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 kýs borgarstjórn/borgarráð eða tilnefnir fulltrúa sína í ýmsar stjórnir, ráð eða nefndir samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða eða samkvæmt sérstökum samþykktum. Lög sem og samþykktir Reykjavíkurborgar gera ekki sérstakan áskilnað um þekkingu, hæfni og reynslu stjórnarmanna. Þá eru slíkar kröfur almennt ekki gerðar í samþykktum, sameignarsamningum, sameignarfélagssamningi og stofnsamningum, þó með þeirri undantekningu að í sameignarsamningi eigenda Orkuveitu Reykjavíkur, nánar tiltekið í gr. 6.5 er kveðið á um að val á stjórnarmönnum skal vera gagnsætt og forsendur fyrir vali stjórnarmanna skulu vera opinberar. Stjórnarmenn skulu vera óháðir hvað varðar tengsl við fyrirtæki í samkeppni eða í verulegum viðskiptum við Orkuveitu Reykjavíkur. Þá skulu stjórnarmenn hafa þekkingu og reynslu sem hæfir þeirri ábyrgð sem stjórnarsetunni fylgir og hafa tök á að verja nægilegum tíma til stjórnarstarfa. Hvorki er þó í sameignarsamningi Orkuveitur Reykjavíkur né öðrum samþykktum, sameignarfélagssamningi eða stofnsamningi gerð krafa um að einstaklingur leggi fram ferilskrá eða prófskrírteini til þess að hann megi hljóta tilnefningu sem stjórnarmaður.



Reykjavíkurborg

Samkvæmt upplýsingum frá formanni borgarráðs er haft að leiðarljósi hjá núverandi meirihluta borgarstjórnar að stjórnarmenn sem tilnefndir eru í stjórnir B-hluta fyrirtækja, hvort sem þeir eru pólitískir fulltrúar eða faglegir fulltrúar, hafi til að bera reynslu og þekkingu í viðkomandi málaflokki. Þannig fáist aukin þekking og fjölbreytni að stjórnarborðinu sem styður við betri stjórnarhætti. Þá hefur meirihluti borgarstjórnar tilnefnt í stjórnir Orkuveitu Reykjavíkur, Félagsbústaða hf., Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf., Íþrótt- og sýningarhallarinnar hf., Þjóðarleikvangs ehf. og Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf., óháða stjórnarmenn sem búa yfir menntun, þekkingu og reynslu á viðkomandi starfsemi.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari